

Þátttaka barna í leikskólastarfinu



Leikskólinn Engjaborg

Þróunarverkefni unnið 2022-2023

Þróunarverkefnið **Þátttaka barna í leikskólastarfi** er samstarfsverkefni Engjaborgar, Funaborgar, Hólaborgar, Sunnufoldar og Háskóla Íslands.

Markmið verkefnisins um þátttöku barna:

- ° Verkefnið felst í að auka virka þátttöku barna í leikskólastarfi á ýmsa vegu og uppfylla þannig markmið Menntastefnu Reykjavíkurborgar um barnið sem virkan þátttakenda.

- ° Það verður helst gert með því að kennarar og annað starfsfólk tileinki sér þær aðferðir sem til eru til að hlusta á virkan hátt á sjónarmið barna og virkja áhrifamátt þeirra.

Þessi bæklingur fjallar um skrefin sem verið er að taka í Engjaborg...en þróunin heldur áfram

Þátttaka barna - hvernig hlustum við á barnið með öllum skilningavitum?

- 🧩 Hvað er barnið að segja?
- 🧩 Hvað er barnið að gera?
- 🧩 Hvað er barnið EKKI að gera?

Barnaráð eða barnateymi um ákveðna þætti í starfinu:

- 💡 Hvernig viljum við hafa það?
- 💡 Hvað er hægt að gera?
- 💡 Hvað er ekki hægt að gera?



Á sameiginlegum starfsmannafundi að hausti var verkefnið kynnt. Síðan var sest niður í hópum og rætt um þátttöku barna í leikskólastarfinu, hver staðan væri og hvert við myndum vilja stefna.

Við erum að gera margt frábært, en það má ekki sofna á verðinum og því er hér frábært tækifæri til að skerpa vel á þátttöku barna í öllum þáttum starfsins, hvort heldur verið sé að tala um skipulag svæðis, efnivið eða ákveðna þætti starfsins.





Við viljum byggja upp lýðræðisþjóðfélag í leikskólanum. Börn þurfa að upplifa réttindi sín og skyldur.

Við sem kennarar barnanna þurfum því að hlusta á þau, ekki einungis með eyrunum, heldur einnig með augunum og öðrum skynfærum og nota innri hlustun þegar við ígrundum það sem við höfum orðið áskynja. Við þurfum að vera tilfinningalega til staðar fyrir þau og bera umhyggju fyrir þeim. Þannig upplifa börnin sig hæf og sterk sem leiðir til meiri virkni barnanna í skólastarfinu og eigin menntun.

Það snýst ekki um að uppfylla allar langanir barnanna heldur að hlusta á þau til að skilja þau betur og virða hugmyndir þeirra og skoðanir þannig að börnin upplifi sig hafa rödd sem hlustað er á.

Hvað eru börnin að fást við?

Hvað vilja þau gera?

Nota: þátttökuathugun, virka hlustun, mismunandi hlustun, líkamstjáning barnanna, skráningar og viðtöl við börnin. Auk þess að prófa okkur áfram og sjá hvað virkar fyrir börnin. Nota mósaík aðferðina með því að raða saman athugunum úr tilveru barnanna í leikskólanum til þess að túlka þær, ígrunda og ræða.

Við viljum sjá umhverfi barnanna út frá þeirra augum og beygja okkur því meðal annars í hnjánum til að skoða umhverfið í leikskólanum út frá hæð barnanna.



Markmið Suðurengis (börn fædd 2020 og 2021):

- ° að öll börnin fái fjölbreyttar samverustundir við hæfi.
- ° að börnin séu virkir þátttakendur í mótun stundanna.
- ° að börnin æfi sig í uppbyggilegum samskiptum við aðra.
- ° samverustundirnar eiga að vera gefandi, fjölbreyttar og skemmtilegar bæði fyrir börn og kennara.



Það sem hefur verið gert:



° samverustundir eru stundum fámennar og stundum öll deildin saman.

° fámennar gefa tækifæri til markvissari málörvunar fyrir hvert barn fyrir sig. Í þeim hefur verið sungið, lesið, sögustundir með brúðum og hreyfileikir.

° stærri stundir þá æfum við félagsfærnina, ræðum tilfinningar og lesum bækur.

° eftir hvíldina leggjum við áherslu á að lesa og hafa gæðastund með hverju barni fyrir sig.

Innihald samverustunda: Blær, Lubbi, hreyfing, leikræn tjáning, sögustundir með brúðum, handbrúður, bókalestur, söngur, Barn vikunnar og ávaxtabiti.

Markmið Austurengis (börn fædd 2019):

° að börnin fái að ráða meiru um efnivið á deildinni og hvar hann er staðsettur.

Hvað er börnunum mikilvægt?

° að hafa fjölbreyttan efnivið aðgengilegan til leiks og sköpunar.
° að hafa tíma og rými með vinum sínum.

Hvað eru börnin að fást við?

Hvað vilja þau gera?



Eldhúskrókurinn skoðaður (sept. 2022)

Farið var í Góða hirðirinn og þar var keypt trévörur í hlutverkaleik, kubba og endurnýtanlegt eldhúsdót úr járni og silfri í eldhúskrókinn.

Við speglun og mat kom fram að eldhúskrókurinn varð hlýlegri og eldhúsdótið mjög vinsælt. Svæðið var mikið notað af börnum deildarinnar en einnig öðrum börnum í leikskólanum.



Vinsælasti staður barnanna á deildinni

Hornið hægra megin við sófann er vinsælasti staður barnanna á deildinni. Þar koma þau ser fyrir með vinum sínum og hlutum sem þau vilja fá að skoða í friði.

Þau virðast upplifa þetta sem öryggissvæði þar sem þeim líður vel. Það er mikilvægt að hlusta á raddir barnanna og leyfa þeim að eiga þennan stað í friði.



Kubbasvæðið til athugunar (des. 2022)

- ° jólagjöf frá foreldrafélaginu - viðar regnbogi.
- ° kubbasvæðið endurskoðað.
- ° ákveðið að hafa alla kubbana saman.

Starfsfólki fannst of mikið af kubbum þegar taka átti saman —> fræðsla fyrir starfsfólk um mikilvægi kubbastarfs og hvernig ætti að taka kubbana saman.



Við viljum bæta námsumhverfi barnanna með þeirra hjálp.

Kubbarnir eru vinsælasti efniviðurinn á deildinni.



Sögur og smádót til skreytingar (jan. 2023)

- ° sögur með handprjónuðum brúðum.
- ° börnin léku sögurnar og var Hans og Gréta mjög vinsæl.



Ákveðið var að vinna nánar með þennan áhuga barnanna og halda sýningu.


Það var magnað að fylgja eftir hugmyndum barnanna í þessari vinnu. Það voru engar hindranir sem þau gátu ekki komist yfir og útkoman var meira en sagt frábær.



Þau gerðu leiksviðið með því að líma sælgætisbréf á veggina og nota þann efnivið sem er á deildinni. Litlar mottur upp á kubbum breyttust í sveppi. Þau fundu afsagaða trjágrein sem var skógurinn... svo eitthvað sé nefnt.

Okkur fannst mikikilvægt að börnin hefðu alltaf aðgang að blöðum og litum. Við staðsettum því listasvæði á björtum og skemmtilegum stað á deildinni þar sem auðvelt er að leika sér með liti og skugga. Svæðið er mikið notað af börnunum og hefur þeim farið mikið fram í teikningum sínum í vetur.

Hér væri gaman að þróa svæðið áfram með fjölbreyttum efnivið til sköpunar fyrir börnin. Sköpun er frjálst aðgengi að fjölbreyttum efnivið, nægur tími, frumkvæði og ekkert fyrir fram ákveðið. Upplifunin sjálf er mikilvægust.



Markmið Norðurengis (börn fædd 2018):

° við á Norðurengi ákváðum að endurskoða leiksvæðin inni á deildinni og að finna verðlausan efnivið sem við ætlum að nota sem „kveikjur“ inn í leik barnanna.

Við byrjuðum á því að gera áhugasviðsskráningu fyrir öll börnin. Skoðuðum ljósmyndir af börnunum í leik og ræddum um áhugasvið þeirra á deildarfundi.



Ræddum einnig við börnin. Sýndum þeim efniviðinn og fengum hugmyndir frá þeim um það hvernig við getum notað hann og með hvaða öðru leikefni.

Svæðin á deildinni voru skoðuð og við skipulögðum þau m.t.t. áhugasviða barnanna.

Nýtt svæði var útbúið fyrir utan deildina, þar sem nokkur börn geta verið svolítið í „friði“ í leik sínum.

Hægt er að setja niður tjald við lestrarhornið okkar þar sem börnin geta sest niður og lesið bækur á bak við tjaldið.

Tvö rými eru á deildinni og við reynum að hafa lokað á milli svo það sé minni truflun á milli svæða í leiknum.



Það var margskonar efniviður sem við tókum inn eins og t.d.:

- ° stórar bleikar plastgrindur (ca. 50x50) sem hafa verið notaðar í allskonar byggingar og skilrúm.

- ° litlar frauðplastkúlur sem notaðar eru á ljósaborði, með dýrum o.fl.


- ° gúmmílokur á rör, sem hafa t.d. verið notaðar sem heyrnarhlíf fyrir „vinnumenn“

- ° dúkaefni sem lítur svolítið út eins og kóngulóarvefur er notað sem skilrúm fyrir bókahornið. Einnig nota börnin efnisbúta í ýmislegt eins og leirinn og á ljósaborðið.

- ° við erum með lítið listahorn þar sem boðið er upp á fjölbreyttan efnivið.

- ° við tókum einnig inn tússtöflu sem er mjög vinsæl.





Markmið Vesturengis (börn fædd 2017):

° á Vesturengi eru elstu börnin og okkur langaði að efla þau meira í daglegu leikskólastarfi.



Matartíminn

° við settum upp töflur þar sem börnin skrá þegar þau eru búin að borða með því að færa mynd af sér á milli tafla.

° barn vikunnar hefur yfirumsjón með að fylgjast með að allir færi myndina sína þegar þeir eru búnir að borða.

Barn vikunnar


° verið er að auka hlutverk barns vikunnar í daglegu lífi leikskólans.

Innstimplun

° kerfið með matartímann gengur svo vel að við settum upp „innstimplunar“ töflu. Og það skemmtilega kom í ljós að þessi innstimplun hjálpar þeim börnum sem finnst erfitt að kveðja foreldra sína.



Þetta verkefni hefur hjálpað okkur að koma inn ennþá betra skipulagi á deildina okkar og það er einnig svo skemmtilegt að sjá hvað börnin geta miklu meira, ef þau fá tækifæri til þess að spreyta sig. Börnin sýna ábyrgð og njóta þess að hjálpa til.



Þemadagur

Þriðja föstudag í hverjum mánuði er þemadagur hjá okkur. Þennan veturinn hafa eldri deildarnar verið að skiptast á að velja þemað. Sest er niður með barnahópnum og þau koma með hugmyndir um hvaða þema er hægt að vera með. Auðvitað koma margar tillögur og þá kjósa börnin.

Það er búið að vera:

- ° dótadagur
- ° búningadagur
- ° bangsadagur
- ° bíódagur
- ° tónlistadagur
- ° náttfatadagur

Börnunum finnst mjög gaman að fá að velja. Þetta getur samt verið erfitt, þar sem ekki má velja það sama aftur.

Garðurinn okkar

Börnin voru spurð:

Hvað er í garðinum okkar?


Klifurgrind og önnur klifurgrind. Skógur sem hægt er að fara inn í. Snú, snú tæki. Kastali. Brú. Hellir. Sandkassi. Gras. Hóll. Stóra rólan. Dekkjaróla. Drullueldhús. Grindverk.

Hvað er skemmtilegast að gera í garðinum okkar?

Á snú, snú tækinu. Róla. Hellirinn. Róla. Klifurgrindinni og róla. Róla. Renna.

Er hægt að gera eitthvað í garðinum eða við hann þannig að það verði enn skemmtilegra úti?

Börnin fóru út með myndavél og tóku myndir af þeim svæðum sem mátti laga.



Það sem börnin sögðu með hjálp mynda:

Mála regnboga á grindverkið.

Drullueldhúsið - setja gras undir og byggja hús.

Drumbarnir - gaman að labba á þeim.


Gera eitthvað skemmtilegt hjá stungutrjάνum - seja eitthvað þar.

Trjálundurinn - skemmtileg göngin.

Gera leikhús hjá stungutrjάνum.

Setja þak yfir brúna.

Rattleik í trjάνum.



Hvað var gert?

Reddað var fullt af gefins málningu. Börnin máluðu grindverkið (á meðan veður leyfði).

Graspökur voru settar við drullueldhúsið. Talað var við Sorpu og við fengum rafmagnskefli; tvö minni sem fóru hjá drullueldhúsi og tvö stærri sem eru við grenitréin.

Byrjað er að klippa tréin til að gera betri göng.

Allar greinar eru klipptar niður í lítil prik sem börnin mega leika sér með.

...svo skall veturinn á 😊

Mismunandi drumbar eru komnir í hús og fara út með hækkandi sól.



Við ætlum að halda áfram þessari vinnu með börnunum í vor.



Barnateymi

Börnin hafa komið að endurmati á sumum þáttum starfsins. Þetta endurmat hefur farið fram inni í Listengi þegar börnin borða þar.

Nú höfum við hug á að þróa þetta meira og vera með barnateymi um ákveðna þætti, alveg eins og við starfsmennirnir erum með teymi um ákveðna þætti.

Þættirnir sem taka á fyrir eru:
samverustundir, flæði, útivera og
uppröðun borða í matsal.



Vinafundur

Þriðja föstudag í mánuði er vinafundur. Þá skiptast deildarnar á að bjóða öllum inn á sína deild. Allir setjast niður og það er sungið saman.

Ákveðið eyðublað er notað þar sem skráð eru óskalög frá hverri deild og hverjir eiga afmæli í viðkomandi mánuði. Það hefur verið starfsmaður sem sér um að skrá þetta, en nú ætlum við að þróa þetta þannig að börnin skiptast á að gera þetta, en auðvitað með aðstoð fullorðins.

Vá, þetta er svo frábær vinna og
gaman að sjá börnin taka svona virkan
þátt í leikskólastarfinu. 😊😄😄😄😄😄